

Af húseignum, sem um gilda sérstök ákvæði um heimædagjöld, vegna dreifðrar byggðar eða fjarlægðar frá lögnum veitukerfis hitaveitunnar eða sérsamningar við aðrar sveitarstjórnir, gjaldfellur heimædagjald þegar tengingu heimæðar er lokið nema annað sé tekið fram í samningum við húseigendur eða í sérsamningum við sveitarstjórnir.

9. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera sem svarar gjaldi fyrir einn mínútulíttra á mánuði.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

10. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingu sem á nefndri vísitölu verður, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Gjaldskrábreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 16. apríl 1984 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing um breytingu á gjaldskrá nr. 669 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 10. apríl 1984.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Framfarasjóð Síldar og Fisks, útgefin á venjulegan hátt að mandatun af dómsmálaráðherra 6. apríl 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Framfarasjóð Síldar og Fisks.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Framfarasjóður Síldar og Fisks. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að stuðla að endurmenntun og símenntun manna, einkum á sviði matvælaframleiðslu, verslunar- og skrifstofustarfa, svo og stuðningur við vísindalega rannsóknastarfsemi, sérstaklega á sviði matvælaframleiðslu. Ennfremur stuðningur við slysavarnir, við byggingu hvíldar- og heilsuheimila og við þá er slasast og eiga við veikindi að stríða.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 500 000,00 — fimm hundruð þúsund krónur —, sem lagt er fram af stofnendum sjóðsins, hjónunum Þorvaldi Guðmundssyni, forstjóra og Ingibjörgu Guðmundsdóttur, lyfjafræðingi, báðum til heimilis að Háuhlíð 12, Reykjavík. Stofnfé skal haldast óskert. Sjóðinn ber að ávaxta í vísitölutryggðum ríkisskuldabréfum eða með öðrum jafntryggum hætti.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé og öðru fé, sem sjóðnum kann að áskotnast, svo sem gjafafé.

5. gr.

Úthlutun úr sjóðnum fer fram eftir nánari ákvörðun stjórnarinnar hverju sinni.

6. gr.

Sjóðnum stjórnar þriggja manna sjóðstjórn. Samkvæmt ákvörðun stofnenda skal fyrsta stjórnin vera skipuð þessum mönnum:

Þorvaldur Guðmundsson, forstjóri, Háuhlíð 12, Reykjavík, formaður.

Ingibjörg Guðmundsdóttir, lyfjafræðingur, Háuhlíð 12, Reykjavík.

Geirlaug Þorvaldsdóttir, B. A., Eskihlíð 21, Reykjavík.

Hver stjórnarmanna tilnefnir varamenn fyrir sig sem taka skal sæti í sjóðstjórninni í fjarveru aðalmanns eða forföllum hans. Varamaður tekur síðan sæti aðalmanns í sjóðstjórninni við fráfall hans og tilnefnir síðan nýjan varamann og svo koll af kolli. Skal þess gætt svo sem kostur er að í stjórn séu niðjar stofnenda og venslamenn þeirra.

Fari svo að stjórn sjóðsins sé ekki fullskipuð skal dómsmálaráðuneytið tilnefna stjórnarmann í hin auðu sjóðstjórnarsæti.

Tilnefning manns í sjóðstjórnina gildir ævilangt. Þó getur dómsmálaráðuneytið vikið manni úr sjóðstjórn ef því þykir ástæða til, svo sem vegna ósæmilegs athæfis.

Sjóðstjórn skal halda fundargerðabók, þar sem bóka skal allar ákvarðanir stjórnar varðandi sjóðinn, svo sem styrkveitingar, hverjir verði þeirra aðnjótandi og hversu hárrí fjárhæð þær nema og svo framvegis.

Einfaldur meirihluti stjórnar ræður ákvörðunum innan stjórnarinnar. Stjórnunar- kostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

7. gr.

Sjóðurinn er í vörslu Síldar og Fisks. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Gengið skal frá reikningi sjóðsins innan tveggja mánaða frá lokum hvers reikningsárs. Reikningurinn skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda. Reikningarnir skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna, svo sem það að fyrirtækið Síld og Fiskur hætti rekstri. Fari svo skal stefnt að því að sjóðurinn starfi áfram og þá annað tveggja í vörslu Verslunarskóla Íslands eða Verslunarbanka Íslands hf.

Engin breyting á skipulagsskánni fær þó gildi, nema stjórnin sé einhuga um hana. Aldrei má breyta ákvæðum 2. gr. um meginmarkmið sjóðsins né heldur ákvæðum 9. gr. um ráðstöfun á eignum sjóðsins við sjóðsslit.

Breytingar á skipulagsskránni skulu hljóta samþykki dómsmálaráðuneytisins.

9. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Verslunarskóla Íslands eða annars sambærilegs aðila, sem fellur undir málaflökka þá, sem getur í 2. gr. reglugerðar nr. 748/1983 um frádrátt vegna gjafa til menningarmála o. fl. eða í reglum, sem síðar kunna að leysa þessa reglugerð af hólmi.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 4. apríl 1984.

Þorvaldur Guðmundsson.
Ingibjörg Guðmundsdóttir.

AUGLÝSING**um friðlýsingu Hamarsins í Hafnarfirði.**

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971 hefur Náttúruverndarráð að tillögu bæjarstjórnar Hafnarfjarðar samþykkt fyrir sitt leyti að friðlýsa Hamarinn í Hafnarfirði sem náttúruvætti.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru sem hér greinir:

Mörkin fylgja hnitapunktum í hnitakerfi Reykjavíkur frá árinu 1951 og eru beinar línur milli eftirtalinna punkta: Frá punkti merktum nr. 1 á uppdrætti norðvestan hússins nr. 22A við Öldugötu ($x=22922.71$, $y=9011.07$) liggja mörkin til suðvesturs að punkti nr. 2 ($x=22949.18$, $y=8969.19$). Þaðan liggja þau til vesturs að punkti nr. 3 norðan Flensborgarskóla ($x=23102.05$, $y=8984.12$), og áfram til vesturs að punkti nr. 4 norðan Flensborgarskóla ($x=23122.15$, $y=8990.52$). Þar beygja mörkin til norðurs að punkti nr. 5 sunnan hússins nr. 8 við Lækjargötu ($x=23093.32$, $y=9102.42$), og síðan til norðausturs að punkti nr. 6 sunnan hússins nr. 18 við Lækjargötu ($x=22998.06$, $y=9125.53$). Þaðan til suðausturs að punkti nr. 1.

Eftirfarandi reglur gilda um svæðið:

1. Varðveita skal jarðmyndanir og lífríki svæðisins í núverandi mynd. Hvers konar mannvirkjagerð eða jarðrask sem breytt getur útliti eða edli svæðisins eru óheimil, nema til komi sérstakt leyfi Náttúruverndarráðs. Þó er bæjarstjórn heimilt, í samræmi við skipulag Hamarssvæðisins og í samráði við Náttúruverndarráð, að láta planta trjágróðri, leggja gangstíga og setja upp bekki og annan búnað í þágu útivistar á svæðinu.
2. Svæðið er einungis opið gangandi fólki og skal það gæta góðrar umgengni.
3. Náttúruverndarnefnd Hafnarfjarðar hefur eftirlit með framkvæmd friðlýsingar í umboði Náttúruverndarráðs og bæjarstjórnar.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs og náttúruverndarnefndar Hafnarfjarðar.